

SKÓLA- OG FRÍSTUNÐARÁÐ

Ár 2015, 11. mars, var haldinn 75. fundur skóla- og frístundaráðs. Fundurinn var haldinn í Hlöðunni við Gufunesbæ í Reykjavík og hófst kl. 11:12. Fundinn sátu Skúli Helgason (S) formaður, Jóna Björg Sætran (B), Kjartan Magnússon (D), Líf Magneudóttir (V), Marta Guðjónsdóttir (D), Nichole Leigh Mosty (Æ) og Sabine Leskopf (S). Auk þeirra sátu fundinn eftirtaldir áheyrnarfulltrúar: Arnaldur Sigurðarson (P); Andrea Sigurjónsdóttir, starfsfólk í leikskólum; Atli Steinn Árnason, framkvæmdastjórar frístundamiðstöðva; Birgitta Bára Hassenstein, foreldrar barna í grunnskólum; Guðrún Gunnarsdóttir, skólastjórar í leikskólum; Rósa Ingvarsdóttir, kennarar í grunnskólum; Sara Þöll Finnbogadóttir, Reykjavíkurráð ungmenna; Sigurður Sveinn Kjartansson, foreldrar barna í leikskólum og Örn Halldórsson, skólastjórar í grunnskólum. Jafnframt sátu fundinn Ragnar Þorsteinsson sviðsstjóri, Aðalbjörg Dís Guðjónsdóttir, Auður Árný Stefánsdóttir, Hildur Skarphéðinsdóttir, Kristján Gunnarsson og Soffía Pálsdóttir. Fundarritari var Guðrún Sigtryggisdóttir.

Þetta gerðist:

1. Framkvæmdir við starfseiningar skóla- og frístundasviðs 2015. Jón Valgeir Björnsson, skrifstofu eigna og atvinnuþróunar kynnir og svarar fyrirspurnum.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Bjartrar framtíðar, Samfylkingarinnar og Vinstri grænna og áheyrnarfulltrúi Pírata leggja fram svohljóðandi bókun:

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Bjartrar framtíðar, Vinstri grænna og áheyrnarfulltrúi Pírata lýsa yfir ánægju með það að 86% af 800 m.k. fjárveitingu borgarsjóðs til átaksverkefna á árinu 2015 verði varið til viðhaldsverkefna á skólum og leikskólum borgarinnar. Það kemur til viðbótar ríflega 900 milljóna króna fjárveitingu til almenns viðhalds þar sem nær 60% fara til viðhalds leik- og grunnskóla. Mikilvægt er að auka enn frekar fjármagn til viðhalds og endurbóta á komandi árum og mun meirihlutinn leggja sérstaka áherslu á aukið fjármagn til endurnýjunar skólalóða. SFS2015030061

Daníel Benediktsson tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

2. Vefsíða starfsáætlunar skóla- og frístundasviðs 2015. Ragnar Þorsteinsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs, kynnir og svarar fyrirspurnum.
3. Starfs- og fjárhagsáætlunargerð skóla- og frístundasviðs 2016 – 2020. Lagt fram bréf frá Birgi Birni Sigurjónssyni fjármálastjóra og Halldóru Káradóttur, skrifstofustjóra fjármálaskrifstofu, dags 30. janúar 2015, um tíma- og verkáætlun fjárhagsáætlunar Reykjavíkurborgar 2016-2020. Skúli Helgason og Ragnar Þorsteinsson, kynna og svara fyrirspurnum. SFS2015020035
4. Lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 6. mars 2015, með tillögum að verkefnum kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunargerðar skóla- og frístundasviðs 2015. SFS2015030028

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Bjartrar framtíðar, Samfylkingarinnar og Vinstri grænna og áheyrnarfulltrúi Pírata leggja fram svohljóðandi tillögu:

Skóla- og frístundaráð samþykkir að velja verkefni A, D og E með þeirri breytingu að verkefni A verði einskorðað við frístundaheimili 8-9 ára barna og að kannað verði hvort kynjahalli er til staðar.

Samþykkt.

5. Lögð fram skýrsla úttektarnefndar borgarstjórnar á stjórnkerfi og stjórnsýslu Reykjavíkurborgar, dags. 1. apríl 2013 og skýrsla starfshóps um umsjón með úrvinnslu upplýsinga, ábendinga og athugasemda úttektarnefndar borgarstjórnar um stjórnkerfi og stjórnsýslu Reykjavíkurborgar, dags. 9. apríl 2014. Jafnframt lagt fram bréf skrifstofustjóra borgarstjórnar, dags. 24. janúar 2014, um viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, fullnaðarafgreiðslur skóla- og frístundaráðs og embættisafgreiðslur sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs og bréf sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 26. febrúar 2014 um sama efni.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Bjartrar framtíðar, Samfylkingarinnar og Vinstri grænna og áheyrnarfulltrúa Pírata leggja fram tillögu varðandi ráðningar skólastjóra í leikskóla og grunnskóla. Greinargerð fylgir. SFS2013080066

Frestað.

6. Lögð fram viðmið vegna ráðninga skólastjóra við grunnskóla í Reykjavík, samþykkt á 153. fundi menntaráðs 24. ágúst 2011.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Bjartrar framtíðar, Samfylkingarinnar og Vinstri grænna og áheyrnarfulltrúi Pírata leggja fram tillögu um viðmið vegna ráðninga skólastjóra við leikskóla og grunnskóla í Reykjavík. Viðmiðin taki gildi 1. júní 2015 og með henni falla úr gildi viðmið menntaráðs Reykjavíkur við val á milli umsækjenda um skólastjórastöður í grunnskólum Reykjavíkurborgar, samþykkt á 153. fundi menntaráðs 24. ágúst 2011. SFS2015020163

Frestað.

7. Lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 9. mars 2014, um innritun í leikskóla. SFS2015030029

Skóla- og frístundaráðsfulltrúi Framsóknar og flugvallarvina leggur fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi Framsóknar og flugvallarvina í skóla og frístundaráði fagnar þeirri vinnu sem nú stendur yfir til að auðvelda og einfalda innritun leikskólabarna í Reykjavík. Sú áhersla sem nú er lögð á til að vinna að því að systkini verði hægt að vista í sama leikskóla er brýn. Mikilvægt er að þar sem sérstakar aðstæður eru eins og t.d. þegar yngra systkin er langveikt barn að þá verði systkinaforangangur settur í enn meiri forgang þar sem mögulegt er.

8. Skóla- og frístundaráð samþykkir svohljóðandi tillögu:

Skóla- og frístundaráð felur sviðsstjóra að yfirfara í samstarfi við menningar- og ferðamálasvið þær tillögur um aðgerðir er snúa að starfsemi skóla- og frístundasviðs sem fylgja markmiðum í Menningarstefnu Reykjavíkurborgar 2014-2020: Menning er mannréttindi. Óskað er eftir að þær aðgerðir sem niðurstaða verður um að fara í á skóla- og frístundasviði verði kynntar skóla- og frístundaráði í minnisblaði.

9. Lögð fram hugmynd af vefsvæðinu Betri Reykjavík, dags. 29. desember 2014, um jafnrétti innan skólakerfisins. Einnig lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 10. febrúar 2015, um hugmyndina. SFS2014120203

Skóla- og frístundaráðfulltrúar Bjartrar framtíðar, Samfylkingarinnar og Vinstri grænna og áheyrnarfulltrúi Pírata leggja fram svohljóðandi málsmeðferðartillögu:

Skóla- og frístundaráð vísar erindinu til Jafnréttisskóla Reykjavíkur.

Samþykkt.

10. Lögð fram hugmynd af vefsvæðinu Betri Reykjavík, dags. 28. nóvember 2014, um að auka formlegt samstarf grunnskóla við tómstundastarf. Einnig lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 30. janúar 2015, um hugmyndina. SFS2014110225

Skóla- og frístundaráðfulltrúar Bjartrar framtíðar, Samfylkingarinnar og Vinstri grænna og áheyrnarfulltrúi Pírata leggja fram svohljóðandi málsmeðferðartillögu:

Skóla- og frístundaráð vísar erindinu í stefnumótunarvinnu um frístundapjónustu.

Samþykkt.

11. Lögð fram skýrslan *Pátttaka 10-12 ára barna í félagsmiðstöðvastarfi með tilliti til kynja og úthlutunar fjármagns innan félagsmiðstöðva*, dags. 3. febrúar 2015. SFS2015030031
12. Lögð fram skýrslan *Starfshópur um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun um almenna sérkennsluúthlutun til borgarrekinnna grunnskóla*, dags. 1. febrúar 2015. SFS2015030032
13. Lagðar fram viðmiðunarreglur skóla- og frístundasviðs Reykjavíkur við afgreiðslu umsókna um flýtingu/seinkun grunnskólagöngu barns skv. 15. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008. SFS2015020132
14. Lagt fram yfirlit yfir stöðu markmiða í starfsáætlun skóla- og frístundasviðs 2014 og skorkort skóla- og frístundasviðs 2014. SFS2014090019
15. Lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 2. mars 2015, varðandi námsferð til Kanada í mars 2015. SFS2015030030
16. Lagt fram bréf sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 9. mars 2015, um embættisafgreiðslur erinda sem borist hafa skóla- og frístundaráði, fjögur mál. SFS2015010035
17. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi fyrirspurn:

Óskað er eftir upplýsingum um fyrirkomulag við hálkuvarnir og snjómokstur við skóla og frístundaheimili borgarinnar. Óskað er eftir því að skoðaðir verði möguleikar á því að gera einstökum skólum og frístundaheimilum kleift að dreifa salti og/eða sandi á lóðum sínum til að bregðast við hættu sem kann að myndast vegna skyndilegrar háлку, þó án þess að draga úr þjónustu hverfamiðstöðva umhverfis- og skipulagssviðs, sem bera samkvæmt skipulagi ábyrgð á hálkuvörnum við umræddar stofnanir. SFS2015030062
18. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi fyrirspurn:

Óskað er eftir upplýsingum um fyrirkomulagi gangbrautavörslu við skóla og frístundaheimili borgarinnar. SFS2015030063
19. Lögð fram skýrslan *Talnalykill 2014, niðurstöður úr stærðfræðiskimun í 3. bekk í grunnskólum Reykjavíkur*, dags. 1. mars 2015. Jafnframt lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 4. mars 2015, um niðurstöður stærðfræðiskimunar í 3. bekk 2014. Ásgeir Björgvinsson, sérfræðingur tölfræði- og rannsóknþjónustu skóla- og frístundasviðs og Guðrún Edda Bentsdóttir,

verkefnastjóri fagskrifstofu skóla- og frístundasviðs kynna og svara fyrirspurnum.
SFS2014110003

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi tillögu:

Skóla- og frístundaráð samþykkir að skýrsla með heildarniðurstöðum um árangur grunnskóla í lesskimun og stærðfræðiskimun, þar sem m.a. koma fram upplýsingar um árangur hvers skóla, verði birtar á heimasíðu viðkomandi skóla.

Frestað.

- Kl. 15:10 viku Sara Þöll Finnbogadóttir af fundi.

Fundi slitið kl. 15.18

Skúli Helgason

Jóna Björg Sætran
Líf Magneudóttir
Nichole Leigh Mosty

Kjartan Magnússon
Marta Guðjónsdóttir
Sabine Leskopf